


Leifsstaðabrúinir lóð 26 (Espigerði l.nr. 211839) og lóð 27 (Birkitröð l.nr, 152713), lýsing vegna breytingar á gildandi deiliskipulagi.

Forsendur

Árið 2006 var gert deiliskipulag fyrir tvær íbúðarlóðir á landspildu úr landi Leifsstaða undir nöfnunum Leifsstaðabrúinir lóð 26 og lóð 27. Þessar lóðir hafa verið skráðar í Þjóðskrá undir nöfnunum Espigerði og Birkitröð. Nú hefur landeigandi áform um að fjölga lóðum á þessum reit úr tveimur íbúðarlóðum í þrjár.



Úrklippa úr aðalskipulagi 2005-2025

Skipulagsleg staða og staðhættir

Samkvæmt tillögu að breytingu við endurskoðun á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar er gert ráð fyrir þremur íbúðarhúsalóðum á þessum reit, þ.e. í krikanum á milli Knarrarbergs- og Leifsstaðavegar sem er hluti af íbúðarsvæði, "ÍB16".

Skipulagsreiturinn er austan Knarrarbergsvegar og suðvestan við Leifsstaðaveg sem er heimreið að Leifsstöðum, Fífilgerði og Króksstöðum. Stærð skipulagssvæðisins er um 11.500 m². Innan lóðar Birkitraðar er um 70 m² aðstöðu-/frístundahús, smáhýsi og grillskýli. Áform eru um að bygga geymslu á plani efst í þessari lóð og fá heimild fyrir vegtengingu af Leifsstaðavegi inn á lóðina, þar sem núverandi vegtenging syðst í lóðinni er brott og varhugaverð yfir vetrartímann.

Forminjar


Innan skipulagssvæðisins eru engar skráðar fornminjar.

Aðkoma

Aðkoma að lóðunum samkvæmt gildandi deiliskipulagi er af Knarrarbergsvegi, en áform eru um að einnig verði heimil tenging af Leifsstaðavegi efst að lóð Birkitraðar og jafnvel að lóð Espigerðis.

Byggingar

Á hverri lóð verður heimilt að reisa eitt einbýlishús ásamt bílgeymslu og geymsluhús innan lóðar Birkitraðar.



Afstöðumynd af gildandi deilisk. 2006

Skipulagsferli

Áætlaður tímarammi:

27. ágúst-15. sept. 2018. Kynning á lýsingu að skipulagsverkefninu.

25. ágúst-25. sept. 2018. Unnið að tillögu að deiliskipulagi.

25. sept-10. okt. 2018 Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir á fundi skipulags- og umhverfisnefndar, kynnt íbúum og hagsmunaaðilum og eftir það afgreidd af sveitarstjórn þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.

15. okt.-30.nóv. 2018 Tillaga að deiliskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.

1-20. des. 2018. Tillaga að deiliskipulagi afgreidd af skipulags- og umhverfisnefnd og sveitarstjórn.

5-15. jan. 2019 Deiliskipulag sent Skipulagsstofnun. Að því loknu öðlast deiliskipulagið gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Gögn deiliskipulags

Deiliskipulagið mun samanstanda af eftirtöldum gögnum:

- Deiliskipulagsuppráttur í mælikvarða 1:2000, ásamt greinargerð.

Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við deiliskipulag verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

Helstu samráðsaðilar:

- Skipulagsstofnun
Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun.
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra vegna fráveitu og neysluvatns.
- Minjastofnun Íslands
Vegna fornminja ef þær er að finna innan svæðisins.
- * Vegagerðina
Vegna nýrra vegtenginga.

Lýsing þessi verður kynnt almenningi í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins og vera aðgengileg á heimasíðu þess.